

NEFND UM ENDURSKOÐUN TEKJUSKATTS

ÞRIGGJA ÞÁTTA GREINING NEFNDAR OG FORSENDUR FRAMHALDS

Um núverandi kerfi, samspil þrepa, persónuafsláttar og skattleysismarka

- Þróun kerfisins frá upphafi
- Tenging persónuafsláttar og skattleysismarka við þróun verðlags
- Barnabætur og vaxtabætur, fjárhæðir og tekjutengingar


Samanburður við Norðurlönd:

- Skattleysismörk og persónuafsláttur
- Samspil þrepa, afsláttar og skattbyrði
- Barnabætur

Að keyra tillögur AGS og útfærslu samráðsvettvangs í nýju líkani fjármálaráðuneytis:


- Samskattaðir keyrðir sem einstaklingsframtöl
 - Aldurshópur 24-67 ára sem þiggur ekki bætur (sá hópur sem vinnumarkaðsdrifið skattkerfi beinist að)
 - Aldurshópur 16-23 ára sem þiggur ekki bætur
 - Ellilífeyrisþegar
 - Örorkuþegar
- Eru niðurstöður jafnstöðulausn í öflun tekna fyrir hið opinbera?
- Hvaða breytingar þarf að gera á greiðslum TR eða þarf sérmeðhöndlun t.d. ellilífeyrisþega eins og gert er í Noregi? Hvað með námsfólk og Lín?

ÞRÓUN SKATTHLUTFALLS Á TEKJUR EINSTAKLINGA 1988–2018




Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

AÐEINS UM ÞRÓUN SKATTLEYSISMARKA OG PERSÓNUAFSLÁTTAR




SKATTBYRÐI OG SKATTLEYSISMÖRK MÁNAÐARLAUNA, EINSTAKLINGUR

Skattbyrði og
skattprósentur




— Meðalskattur — Jaðarskattur


FJÖLGUN GREIÐENDA SKATTA OG SJÁLFBIRK SVEIFLUJÖFNUN



NORÐURLÖND OG SKATTLEYSISMÖRK VIÐ % MEÐALLAUNA Í IÐNAÐI OG ÞJÓNUSTU Í HVERJU LANDI




LÆGSTA ÞREPIÐ HÉR ER HÁTT!




ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVORT LITIÐ ER TIL SKATTBYRÐI FRÁ SJÓNARHÓLI LAUNÞEGANS EÐA LAUNÞEGA OG LAUNAGREIÐANDA SAMAN (BARNLAUS EINSTÆÐINGUR)

Skattbyrði launþegans



Skattbyrði launþega og launagreiðanda
Heildarskattur/Laun og launatengd gjöld



x-ás er hlutfall af meðallaunum í iðnaði og þjónustu í hverju landi fyrir sig.
OECD taxing wages 2016

MEGINSTEF NÚVERANDI KERFIS OG INNTAK ÞESS SEM NÚ ER TIL SKOÐUNAR

Skattleysismörkin hér eru mun hærrí en á Norðurlöndunum.

Það kallar á hátt fyrsta þrep og launþegar lenda á háum vegg þegar mörkum er náð.

Til að vinna bug á þessu eru tvær leiðir færar:

Núverandi leið:

Tengja skattleysismörkin/persónuafslátt við vísitölu neysluverð og þegar kauplag hækkar umfram verðlag „rýrna“ skattleysismörkin yfir tíma (e. Fiscal creep) og meðalskattur hækkar ef prósentu helst föst. Þá er mögulegt að nota svigrúmið sem myndast og lækka skattprósentuna (hvenær?). Kerfið virkar ennfremur sem öflug sjálfvirk sveiflujöfnun yfir hagsveifluna. Tenging vísitölu launa við mörk efra þreps gengur vissulega gegn sjálfvirku sveiflujöfnuninni og samkvæmni í kerfinu.

Hin leiðin:

Það sem hér er til skoðunar, að tekjutengja persónuafsláttinn í það ríkum mæli að hann sé uppurinn nema hjá þeim sem þurfa á honum að halda en gefa millitekjufólki færi á lágri skattprósentu á móti.

Hagkvæmt skattkerfi (AGS byggt á kenningum Piketty)

Tekur tillit til kostnaðar skattlagningar í formi minna vinnuframlags hárra skatta.

Horfir einnig til samfélagslegrar velferðar í því að bætt staða hinna efnameiri skiptir minna máli en bætt staða efnaminni þegar tekjum er endurdreift.

- Fórarskiptin þarna á milli í lykilhlutverki í líkani um hagkvæmustu skatta.
 - Hvenær verður kostnaður jöfnunar vegna minnkaðs hvata til vinnu meiri en ábatinn sem hlýst af jöfnun tekna?
 - Hagfræðilegt og stjórnmálalegt viðfangsefni að horfa til vinnu og velferðar.

Með forsendum um:

- Samfélagslega velferð
- Velferð einstaklinga af neyslu og afstöðu til vinnu
- Tekjudreifingu í samfélaginu fyrir skatta
- Um viðbragð tekjuhóps við skattbreytingu (elasticity of taxable income)
 - Prósentubreyting tekna fyrir skatt af prósentubreytingu jaðarskatts.


Gefa fræðin niðurstöður um hagkvæmasta jaðarskatt fyrir hvern tekjuhóp.

- Persónuafslátturinn sem er útgreiðanlegur ákvarðast utan líkansins en jaðarskatturinn ákvarðast í líkaninu.

Endurbættar tillögur samráðshópsins 2016


- Taka fyrir framteljendur sem eru 18+
- Persónuafsláttur 1,25 milljónir
- Taka tillit til ytri jaðars með því að láta persónuafsláttinn byrja í 0 og hækka svo línulega að hámarki 969 þús við brúttólaun 969 þús (hvetur til vinnu). Eftir það 1,25 milljónir með 29% skerðingu.
 - Skattleysismörk verða þá um 2,3 milljónir en þá fer persónuafsláttur að verða lægri en reiknaður skattur af tekjum 25% í grunnþrepi. Persónuafslátturinn uppurinn við um 4,3 milljónir.
 - Hærra þrepið verður 43% og efri mörkin 7,8 milljónir til að ná jafnstöðu í tekjuöflun ríkisins (um það bil).
 - Þessar tillögur eru á verðlagsgrunni 2015

Útgreiðanlegur
persónuafsláttur




Endurbættar tillögur samráðshópsins 2016

- Barnabætur 450 þús og skerðing 12%. Mörk 2,4 milljónir per barn. Einungis greitt með 3 börnum (sólarlag).
- Framangreint dregur úr byrðum miðtekjuhópsins og flytur ábata frá efstu lögum til að greiða fyrir miðjuna miðað við AGS tillögur.
- Þetta er ekki hagkvæmasta skattkerfið en tilbrigði við það með U-laga skattkerfi þar sem tekið er tillit til ytri jaðarsins og komið í veg fyrir að einstakir hópar séu að koma áberandi illa út miðað við núverandi kerfi.
- Stór hluti skattgreiðenda býr við lægri skattprósentu í nýju kerfi.
- Fjármagnað með því að vaxtabætur eru felldar inn í kerfið og sparnaður verður í barnabótum.



SAMANBURÐUR NÚVERANDI OG NÝTT EINSTAKLINGUR LAUN OG RÁÐSTÖFUNARTEKJUR



LÍKAN MEÐ STIKA SEM LEYFIR SVIÐSMYNDIR JAÐARSKATTA OG SAMANBURÐ Í RÁÐSTÖFUNARTEKJUM FYRIR ÓLÍKA HÓPA

Nýja kerfið einstaklingar		
Grunnskattur	25%	
Hátekjuskattur	43%	
Persónuafsláttur	1.250.000 ISK	
Skerðing persónuafsláttar	29%	
Mörk þar sem persónuafsláttur lækkar	968.992 ISK	
Tekjur þar sem persónuafsláttur = skattur	2.314.815 ISK	
Tekjur þar sem persónuafsláttur er 0	4.310.345 ISK	
Efri mörk hátekjuskatts	7.800.000 ISK	650.000 ISK
Mánaðartekjur	650.000 ISK	
Skerðingarmörk barnabóta	2.400.000 ISK	

Barnabætur með hverju barni	
	450.000
Skerðing	12%
Fjöldi barna	

Rauðu þáttunum er hægt að hnika til í hinu nýja líkani fjármála- og efnahagsráðuneytis. Líkanið inniheldur öll framtöl og hægt að greina afleiðingar og búa til sviðsmyndir.



LÍKAN OG KEYRSLUR (NÝJAR AFURÐIR)

Tvö líkön eru notuð til að skoða þessar tillögur:

- Líkan sem ber saman jaðarskatt og ráðstöfunartekjur ólíkra hópa uppfært úr samráðshópnum
- Nýtt líkan ráðuneytisins sem hefur staðgreiðslu allra framteljenda í gagnagrunni.

Nýtt líkan ráðuneytisins:

- Sveigjanlegt og hraðskreitt
- Auðveld hermun áhrifa helstu breyta.
- Hraðaaukning
- Handvirkar aðgerðir lágmarkaðar.

„SÁ Á KVÖLINA SEM Á VÖLINA“ VALKVÖL Í KERFI TIL SKOÐUNAR

Í þessu kerfi verða aðilar sem fá háan persónuafslátt sem ívilnar þeirra lágu tekjum.

- Persónuafsláttur fer þar sem „þörfin er mest“ og það er hægt að hækka hann allnokkuð.
- Persónuafsláttur verður á móti skerðanlegur.
- Hár jaðarskattur fyrir þá sem njóta persónuafsláttar.
 - Í þessu felst *ívilnun* og *íþynging* hins nýja kerfis.
 - Hér er verið að búa til stærri tekjutengingu en áður hefur þekkt.

Stærri hluti framteljenda (hversu stór?) verður með engan persónuafslátt en á móti lágan jaðarskatt.

- Felur í sér flatara skattkerfi.
- Flatt skattkerfi hefur ákjósanlega eiginleika í vinnuframboðstilliti um leið og jöfnunareiginleikum er haldið til haga.

Kerfið felur í sér háar tengingar barnabóta og þynningu tekjumarka fyrir sambúðarfólk en um leið verulega hækkun grunnbóta (minnsti samnefnari). Um leið eru sett þök á greiðslur fyrir fjölda barna.

Vaxtabætur eru felldar brott og notaðar til að fjármagna hækkun persónuafsláttar.